

Alþingi

Erindi nr. D 117/300

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI  
- Minnisblað -

komudagur 8/12 1993 8. desember 1993 JHS/-

## Styrkir opinberra aðila við skattskyld þjónustufyrirtæki

Með lögum nr. 111/1992, um ráðstafanir í skattamálum, var m.a. gerð sú breyting á lögum um virðisaukaskatt að fólksflutningar, aðrir en með leigubifreiðum, voru færðir undir skattskyldu. Breyting þessi gengur í gildi um næstkomandi áramót. Þetta þýðir m.a. að almenningsamgöngur á vegum sveitarfélaga jafnt sem annarra verða skattskyldar, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um virðisaukaskatt, þ.m.t. rekstur strætisvagna skólaakstur og akstur fatlaðra að því leyti sem hann telst ekki til félagslegrar þjónustu, sbr. 2. tölul. 3. mgr. 2. gr. laganna. Sama máli gegnir um fólksflutninga með skipum og bátum, þ.m.t. flóabáta og ferjur.

Auk þess að ná til sölutekna af starfsemi þessari nær skattskyldan skv. túlkun á lögnum til þeirra rekstrarframlaga sem opinberir aðilar veita þjónustufyrirtækjum. Af framkvæmdarástæðum þótti nauðsynlegt, í því skattafrumvarpi sem nú er til umfjöllunar, að styrkja þessa túlkun og einfalda um leið framkvæmd hennar, sbr. síðar.

Samkvæmt 3. gr. laganna eru ríki, bæjar- og sveitarfélög og stofnanir og fyrirtæki þeirra skattskyld að því leyti sem þeir aðilar selja skattskylda þjónustu í samkeppni við atvinnufyrirtæki. Einnig getur fjármálaráðherra samkvæmt sömu grein ákveðið með hliðsjón af samkeppnisaðstæðum að atvinnufyrirtæki, félög, stofnanir og aðrir aðilar greiði virðisaukaskatt af skattskyldri þjónustu þegar hún er innt af hendi til eigin nota.

Þeir aðilar sem færast undir skattskyldu öðlast rétt til endurgreiðslu (frádráttar) innskatts af öllum aðföngum sem ganga til að afla teknanna eða veita hina skattskyldu þjónustu. Á sama hátt er þeim skylt að skila útskatti af öllum tekjum sem af starfseminni hljóttast. Gildir þá einu hvort tekjur koma af farmiðasölu eða í formi rekstrarframlags eða annars konar aðstoðar frá ríki eða sveitarfélagi sem er ætluð til að greiða niður verð hinnar skattskyldu þjónustu. Í þessu sambandi gilda ákvæði 7.-9. gr. laganna um skattverð en það er það verð sem virðisaukaskattur er reiknaður af við sölu á vörum og verðmætum, skattskyldri vinnu og þjónustu. Skattverð miðast við það heildarendurgjald eða heildarandvirði hins selda án virðisaukaskatts. Í 8. gr. segir jafnframt: Við skipti á vörum eða þjónustu eða við afhendingu vöru án endurgjalds skal miða skattverð við almennt gangverð í sams konar viðskiptum. Liggi slíkt almennt gangverð ekki fyrir skal miða skattverð við reiknað útsöluverð þar sem tekið er tillit til alls kostnaðar að viðbætti þeirri álagningu sem

almennt er notuð á vörur eða þjónustu af sama tagi. Af þessum reglum er ljóst að ef verðmæti afhentrar þjónustu, þ.e. heildarendurgjald, er meira en nemur tekjum af farmiðasölu ber að telja heildarendurgjaldið það verð sem virðisaukaskattur reiknast af. Þegar ríki og sveitarfélög greiða niður þjónustu fyrirtækja í fólksflutningum verða styrkir hluti af heildarendurgjaldi (heildarandvirði). Gildir þá einu hvort þjónustan er seld eða veitt án endurgjalds. Sömuleiðis skiptir ekki máli hvort þjónustan er veitt af fyrirtæki í eigu ríkis eða sveitarfélags eða af einkafyrirtæki sem hinn opinberi aðili styrki samkvæmt samningi.

Af framansögðu leiðir að framlög sveitarfélaga til að greiða niður fargjöld strætisvagna og annarra fólksflutninga teljast skattskyld. Að óbreyttum lögum myndi skattverðsákvæði 7. og 8. gr. verða notað til að ákvarða skattgreiðslurnar og beita þannig óbeinum aðferðum við útreikning á skattskyldum framlögum til fólksflutninga. Til þess að styrkja framkvæmdina og til að eyða óvissu er gerð tillaga í umræddu frumvarpi um að fjárframlög og önnur rekstraraðstoð til niðurgreiðslu á þjónustu fyrirtækja teljist beint til skattskyldrar veltu.